

Teymisvinna, teymiskennsla og smiðjur

Þær breyttu áherslur í skólastarfi sem birtast í nýrri aðalnámskrá frá árinu 2013 gera kröfur um að skólinn endurskoði kennsluaðferðir og námsmat. Álfhólsskóli hefur unnið markvisst að því síðustu ár að tileinka sér þessa nýju hugsun. Einn liður í þessari vinnu var verkefnið „Vinnum saman“ en í því verkefni var lögð áhersla á þemavinnu þvert á árganga og/eða hópa einu sinni í viku þar sem kennarar skipulögðu nám og kennslu í teymi. Á draumsýnarfundum kennara vorið 2019 var tekin sú ákvörðun að þróa verkefnið enn frekar. Frá og með hausti 2019 er bæði teymisvinna kennara aukin sem og teymiskennsla á öllum stigum.

Í 1.-10. bekk vinna kennarar nú saman sem árgangateymi, þ.e. horft er á árganginn sem eina heild en ekki bekk. Kennarar í árgangateymi leggja saman krafta sína, áhuga, bjargir og hæfileika og bera sameiginlega ábyrgð á kennslu í árganginum. Sérkennarar og kennarar alþjóðavers eru hluti af kennarateymunum þótt þeir séu ekki með umsjón. Teymið skipuleggur þannig nám og kennslu árgangsins saman með áherslu á að allir nemendur fái verkefni, nám og kennslu við hæfi. Hver umsjónarkennari hefur þó sinn umsjónarhóp og heimastofu og er tengiliður við foreldra, en árganginum getur verið skipt upp í ólíka hópa eftir því sem við á hverju sinni.

Til þess að nýta þau tækifæri sem skapast með teymiskennslunni til fulls og til þess að styðja við fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina er lögð áhersla á að stundaskrá nemenda í 1.-7. bekk sveigjanleg, að undanskildum tímum í skólaþróttum og list- og verkgreinum. Á unglíngastigi skapast ekki sama svigrúm til að hafa stundatöfluna sveigjanlega og því var farin önnur leið þar með þróunarverkefninu Bland í poka, (sjá hér að neðan).

Markmið eru að:

- Efla samvinnu kennara.
- Auka við fjölbreytta kennsluhætti.
- Fjölga tækifærum til samþættingar og þemaverkefna.
- Efla hæfnimiðað nám.
- Aukin einstaklingsmiðun.
- Betri nýting á sérfræðipækkingu sérkennara.
- Aukin samvinna nemenda.
- Aukin félagsfærni nemenda.
- Samábyrgð kennara á námi nemenda.
- Vænleg starfsskilyrði og aukin fagmennska.
- Gagnrýni og endurmat.
- Samræmdara námsmat.